

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um refsingar við vörslu neysluskammta fíkniefna og ölvun á almannafæri.

Óskað var upplýsinga frá embætti ríkissaksóknara til að svara fyrirspurninni og eru svörin eftirfarandi.

1. *Hversu margir afplána nú dóma í fangelsi vegna vörslu neysluskammta fíkniefna?*

Enginn afplánar nú dóm í fangelsi vegna vörslu neysluskammta fíkniefna.

2. *Hversu margir voru dæmdir til fangelsisvistar fyrir vörslu neysluskammta fíkniefna árlega árin 2010–2020?*

Enginn hefur verið dæmdur til fangelsisvistar fyrir vörslur neysluskammta fíkniefna á umræddu tímabili.

3. *Hver eru algengustu viðurlög við vörslu neysluskammta fíkniefna:*

a. *fyrir fyrsta brot,*

Sekt.

b. *vegna ítrekaðra brota?*

Sekt.

4. *Hversu margir hlutu dóma fyrir ölvun á almannafæri, sbr. 21. gr. áfengislaga, nr. 75/1998, árlega árin 2010–2020?*

Enginn hefur hlotið dóm fyrir ölvun á almannafæri á umræddu tímabili.

5. *Hver eru algengustu viðurlög við brotum á 21. gr. áfengislaga?*

Sektir.